



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

Reykjanesbær 21 febrúar 2020

46 Aðalfundur Meistarafélags byggingamanna Suðurnesjum.

Haldinn kl 18:00 að hólmgarði 2c 2. Hæð 230 Reykjanesbær.

1. Formaður setur fundinn og kemur með tillögum um að Róberti J Guðmundssyni sem fundarritari, það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Formaður kemur með tillögu um að formaður verði sjálfur fundarstjóri og er það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður fer yfir fundarboðun aðalfundar og lýsir því yfir að hún hafi verið samkvæmt lögum félagsins og tel því þessi aðalfundur réttmætur.

Á aðalfund eru mættir Alexander Ragnarsson, Róbert Guðmundsson, Stefán Einarsson, Ari Einarsson. Bjarki Ásgeirsson, Benjamín Guðmundsson, Lúðvík Gunnarsson, Gunnar Valdimarsson, Áskell Agnarsson, Agnar Áskelsson og Grétar I Guðlaugsson.

3. Kynning á nýjum félögum,, tveir félagar hafa sótt um inngöngu í félagið og eru þeir Pétur Bragason og Agnar Áskelsson og eru þeir báðir samþykktir í félagið, einn hefur sagt sig úr félaginu á starfsárinu og er það Björgvin Halldórsson. Einn félagi féll frá á árinu en þar er Gunnlaugur Úlfar Gunnlaugsson og er hans minnst með einnar mínútu þögn.

4. Formaður fer yfir störf stjórnar síðasta ári, en fáir fundir hafa verið haldnir í stjórninni og hafa og einungis mætt 2 á suma fundi, þetta þar að skoða og reyna að fá menn til að mæta en betur, hefðin hefur verið sú að allir stjórnarmenn bæði aðal og varamenn hafa verið boðaðir á fundina.

Nokkrir súpufundir hafa verið haldnir og hafa þeir mælst vel fyrir og efla staf félagsins en mest öll vinna vegna þessa hefur lent á formanninum sem gert hefur það að verkum að það hefur þurft að fella niður einhverja fundi og leggur formaður til að það verði fengir tveir stjórnarmenn til að sjá um þá ásmat formanni.

MSI hefur haldið reglulega fundi og hafa ýmis mál verið á borðinu þar, en þar ber helst að nefna eru menntamál, breyting á iðnaðarlöggjöfinni sem verið er að reyna að koma áfram og hert löggjöf vegna atvinnu ófag lærðra , breytingar á byggingareglugerð, gæðakerfi svo eitthvað sé nefnt.

SAR hefur einnig verið að funda reglulega og eru þar oftast en ekki mál sem varðar okkur öll hér á svæðinu til umfjöllunar eins og rafmagnsmál, reykjanesbrautin og núna síðast



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

heilbrigðismálin, en margir fundir eru boðaðir með stjórn SAR og þingmanna kjördæmisins og eru flesti þingmenn duglegir við að mæta á þá.

Formaður fór yfir stöðu nokkurra verkefna hér á svæðinu í framhaldinu sjá hér að neðan.

Mikla byggingaframkvæmdir hafa verið og eru framundan innan bæjarmarka Reykjanesbæjar og hafa bæjarbúar tekið eftir því að framkvæmdir eru víð á fullu og vaknað hafa spurningar um margar byggingar sem hafa verið að rísa, hver er að byggja þær og hvert er hlutverk þeirra en þar ber helst að nefna nýja slökkvistöð upp á flugvöllum, nýtt hótél við aðalgötu, ný skólabygging í Dalshverfi, fjölbýlishús við höfnina, ný raðhús og parhús ásamt fjölbýlishúsum í Dalshverfi, fjöldi íbúða á Nikkelsvæðinu, iðnaðarhúsnæði á flugvöllum svo eitthvað sé nefnt. Hér á eftir kemur samantekt á helstu verkefni sem eru í gangi það sem er framundan.

Ný Slökkvistöð er að rísa á flugvöllum, í samtali við Jón Guðlaugsson slökkvistjóra þá ganga framkvæmdir við slökkvistöðina vel þetta mun gjörbreyta allri aðstöðu fyrir slökkviliðið og sjúkraflutninga hér á Suðurnesjum. Byggingin er um 2500 fermetrar á tveimur hæðum byggt úr forsteyptum einingum og límré, áætlað er að taka stöðina í notkun í maí 2020. Ístak er aðalverktakinn á henni.

Nýtt hótél hefur risið við aðalgötu, samkvæmt samtali við Ingvar Eyfjörð framkvæmdastjóra Aðaltorgs ehf. þá er verið að reisa 150 herbergja hótél við Aðaltorg og eigandi þess er Aðaltorg ehf. en þar verður hótélkeðjan Courtyard by Marriott. Framkvæmdin hefur gengið vel en hótelið er um 6900 fermetrar á fjórum hæðum byggt úr steinsteypu og stáleiningum. Framkvæmdin er á loka metrum og er reiknað með að hótelið verði opnað í kringum mánaðarmótin apríl-maí 2020.

Þess má einnig geta að á þessu svæði eru fyrirhugaðar ýmsar aðrar byggingaframkvæmdir eins til að mynda verslunarkjarni og fl sem er í vinnslu.

Þessi framkvæmd er merkileg fyrir þær sakir að um nýbreytni í byggingaframkvæmd er að ræða þar sem einingar eru forsmíðaðar hver eining er með tveimur fullbúnum herbergjum og gangi og eru þau tilbúin að öllu leyti að innan. Flesti verktaka í verkefninu eru af Suðurnesjum en ÍAV er stýriverktaki.

Nýr skóli í Dalshverfi. Reykjanesbær er að reisa nýja skólabyggingu í Dalshverfi sem mun opna í ágúst 2020. Guðlaugur Sigurjónsson Sviðsstjóri Umhverfissviðs hjá Reykjanesbæ segir að framkvæmdir séu aðeins á eftir áætlun og hefur til að mynda ekki verið hægt nota krana við hífingar frá því í nóvember. Aðalverktakinn er Eykt ehf. og eru þeir nokkra undirverktaka héðan af svæðinu.

Húsið er staðsteypt og er fyrsti áfangi um 7.500 fermetrar þar verður grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaskóli og félagsmiðstöð og ber skólinn nafnið Stapaskóli. Annar áfangi verður íþróttarhús og sundlaug en sá þriðji verður leikskóli.



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

Aðrar framkvæmdir, Húsagerðin er að klára fjölbýlishús við Víkurbraut sem er að fara í söluferli. Mannverk er að byggja fjölbýlishús við Pósthússtræti. Bygg er jöfnum höndum að klára íbúðir á Nikkelsvæðinu og selja. Í Dalshverfi er Húsanes að byggja raðhús og fjölbýlishús, HUG Verktakar eru að byggja fjölbýlishús, Líba ehf. er að byggja raðhús, Sparri er að byggja fjölbýlishús, Jónas Ragnarsson er að byggja raðhús, ásamt fjölda annarra verktaka eru að reisa fjölbýlishús, raðhús og parhús, flestar þessara íbúða eru jafnt og þétt að koma inn á markaðinn í sölu. Einnig eru margir einstaklingar og minni verktakar að framkvæma á svæðinu.

Margar framkvæmdir eru í skoðun og mislangt komnar, Byko er að huga að því að færa sig um set, fyrirhugaðar eru byggingaframkvæmdir á gamla SBK reitnum, bygging á fjölbýlishúsum við gömlu sundlaugina og á salthúsreitnum við höfnina, Við stapavelli þá er verið að huga að byggingu fjölbýlishúsa. Flugvellir þar eru fyrirhugaðar iðnaðarbyggingar af ýmsum stærðum. Einnig eru ýmsar þælingar um breytingar og stækkanir á húsnæðum við hafnargötuna.

Stærsta einstaka verkefni Reykjanesbæjar á þessu ári fyrir utan Stapaskóla er endurbætur á útsvæði vatnaveraldar en það verður boðið út á árinu og þá er einnig verið að undirbúa útboð á nýju knattspyrnuæfingarsvæði vestan Reykjaneshallar. Reykjanesbær hefur lokið frumhönnun á nýrri hreinsistöð fyrir fráveitukerfið og verður mögulega boðið út síðar á árinu, nýtt hjúkrunarheimila er í skoðun á Nesvöllum ásamt endurbótum á fráveitukerfinu og ýmsum öðrum viðhaldsverkefnum. Grein lýkur.

Helguvíkin miklar þælingar eru með Helguvíkin en ekki gera menn ráð fyrir því að þar muni í framtíðinni rísa álver, og ekki eru miklar líkur á því að þar verði starfrækt kísilver í framtíðinni Isavia er enn að draga lappirnar með að bjóða út stækkanir þar og viðhaldsvinna þar er orðin lítill sem enginn er samningar þar hafa verið framlengdir um 1. Ár og lýkur þeim um næstu áramót. Eining vil ég minna félagsmenn á að vera vakandi um útboð á vegum ríkisins þar sem þjónustusamningar verða boðnir út.

5 Skýrsla nefnda, engin nefnd var að störfum þetta árið.

6 Endurskoðun reikningar. Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru tekjur þess 2.377.005 kr og rekstrarkostnaður kr 916.333 alls hagnaður með tilliti til Fjármagnskostnaðar eru kr 1.531.380. og einginir félagsmenn alla kr 13.779.180 kr. Allir félagsmenn voru sáttir og voru reikningar félagsins samþykktir með 10 atkvæðum enginn var á móti og einn greiddi ekki atkvæði þar sem hann var ekki orðin fullgildur félagi.

7. lagabreytingar, engar lagabreytingar voru gerðar á fundinum.

8 Kosninga í stjórn félagsins.

Núverandi stjórnarmenn sem kosið er um eftir eitt ár og sitja því áfram eru Formaður: Grétar I Guðlaugsson, Ritari. Bjarki Ásgeirsson vararitari. Áskell Agnarsson, en næst verður kosið um þá 2021.

Tillaga stjórnar að varaformanni er Rúnar Helgasson og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

9. Varamenn í stjórn Tillaga um varamenn kom frá stjórn um eftirfarandi aðila.

Alexander Ragnarsson. Helgi V Sæmundsson. Sigurður Ásmundsson. Til 1. Árs í senn og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga stjórnar um kosningu á skoðunarmönnum til 1. Árs er Lúðvík Gunnarsson.

Benjamín Guðmundsson. til vara Stefán Einarsson. Og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9 Kosningar í nefndir. Ein nefnd er starfandi hjá félaginu um þessar mundir og er það verðskrárnefnd og var tillaga stjórnar um að Rúnar Helgasson yrði fulltrúi MBS í henni og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Ársgjald og inntökugjald. Tillaga stjórnar er um að hafa árgjaldið óbreytt sem er kr 42.000 og einungis og hefð hefur verið fyrir ekkert inntökugjald og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Önnur mál. Tillaga var borin upp af Áskeli um að fela stjórn félagsins að skoða möguleikann á því að geriða formanni félagsins laun fyrir störf hans næsta árið og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:10.

Sign

Róbert J Guðmundsson.